

LOFTBRÚ – REYNSLA OG VIÐHORF

Kynning

Ábm. Erna Rakel Baldvinsdóttir



SASS
SAMTÖK
SUNNLESKRA
SVEITARFÉLAGA



Vestfjarðastofa



SAMTÖK
SVEITARFÉLAGA
Á VESTURLANDI

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Loftbrúin er vel nýtt. Samkvæmt gögnum Vegagerðarinnar á Loftbrú voru heildarflugfarþegar 57.059 með Loftbrú árið 2021. Flestir flugfarþegar voru með lögheimili á Norðurlandi eystra eða 52%. Næst á eftir voru þeir sem voru með lögheimili á Austurlandi eða 33%.
- Alls voru 1737 sem tóku þátt í rafrænni könnun á Loftbrú sem fór í loftið í febrúar 2022. Flestir svarendur voru frá Austurlandi.
- Af svarendum könnunarinnar voru 76% svarenda sem sögðust hafa nýtt sér Loftbrú árið 2021.
 - Langflestir nýttu ferðirnar til þess að heimsækja ættingja og vini.
 - Margir nota Loftbrú til að sækja heilbrigðisþjónustu, hluti þeirra sækir endurgreiðslu til SÍ af þeim fargjöldum.
 - Af þeim sem nýta ferðina vegna heilbrigðisþjónustu voru flestir sem sögðu það vera vegna þess að þjónustan var ekki í boði í þeirra heimabyggð.
 - Töluvert er um að Loftbrú sé nýtt í tengslum við íþróttaiðkun.
 - Fjölmargir nýta Loftbrú vegna skólasóknar. Af þeim sem nýta ferðina vegna náms eða námskeiða voru flestir að fara í staðlotur eða styttri námskeið.
- Svarendur könnunarinnar voru spurðir út í viðhorf varðandi Loftbrú í opinni spurningu. Flestir voru ánægðir með úrræðið. Svörin voru kóðuð til að endurspegla meginþemu í þessum svörum, endurtekin þemu voru; ánægja, fjölga flugleggjum, ferli, kostnaður, framselja miða, ónýttir flugleggir.
- Langflestir fara á flugvöll með einkabíl. Lítil hluti notar almenningssamgöngur. Af svarendum könnunarinnar voru 16% sem voru ekki viss hvort að opinberar samgöngur væru í boði á flugvöll í þeirra heimabyggð.
- Almenn var ánægja með afsláttarhlutfallið en svarendur töldu að afsláttur mætti vera um 50% en afsláttur með Loftbrú veitir nú í dag 40% af heildar flugfargjaldi.
- Langflestir svarendur, eða 85%, sögðust ekki eiga rétt á niðurgreiddum flugfargjöldum í gegnum stéttarfélög eða annan aðila.
- Flugvellir landsbyggðarinnar voru skoðaðir með tilliti til lögheimilis flugfarþeganna eftir gögnum Vegagerðarinnar varðandi Loftbrú. Samkvæmt þeim gögnum eru einstaklingar sem fljúga til dæmis í gegnum Egilsstaðaflugvöll ekki aðeins með lögheimili á Austurlandi heldur einnig með lögheimili á Norðurlandi eystra, Suðurlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Eins með þá sem fljúga í gegnum Hafnarflugvöll, þeir eru ekki aðeins með lögheimili á Suðurlandi heldur einnig frá Austurlandi, Norðurlandi eystra og vestra og Vestfjörðum.



HELSTU KOSTIR OG TILLÖGUR AÐ ÚRBÓTUM

Niðurstöður könnunarinnar sýndu að margir kostir fylgja því að nýta sér Loftbrú. Hér fyrir neðan verða helstu kostirnir útlistaðir sem og tillögur að úrbótum sem komu fram í niðurstöðum.

Kostir:

- Ánægja með Loftbrú í heild.
- Góð nýting á flugleggjum, en flestir nýta sér fjóra til sex flugleggi.
- Fólk flýgur oftar en áður.
- Ferðakostnaður með flugi hefur minnkað.
- Loftbrú er mest nýtt til að styrkja tengsl við fjölskyldu og vini.
- Almenn gengur vel að bóka flug með Loftbrúarkóða.

Tillögur að úrbótum:


- Bókunarferlið þarf að vera notendavænna varðandi tengiflug. Erfiðlega gengur að bóka tengiflug þar sem oft þarf að nota tvær bókunarsíður sem hefur reynst notendum flókið.
- Bókunarferlið varðandi fylgdarlaus börn er tímafrekt þar sem ekki er hægt að gera það á heimasíðu flugfélaga heldur þarf að hafa samband við þjónustuver.
- Fjölga flugleggjum til dæmis með því að nýta annars ónýtta flugleggi annarra heimilismeðlima. Flugleggjum væri úthlutað á fjölskyldunúmer eða lögheimili, þar sem hluti væri sameiginlegur og hægt að nýta fyrir hvern sem er innan lögheimilisins eða fjölskyldunúmers.
- Námsmenn af landsbyggðinni sem þurfa tímabundið að flytja lögheimili sitt á höfuðborgarsvæðið myndu vilja eiga kost á því að geta heimsótt fjölskyldur sínar á landsbyggðinni. Skoða mætti hvort hægt væri að bjóða þessum hópi að nýta Loftbrú.
- Endurgreiðsluferli þarf að endurskoða og gera skilvirkara. Svarendur nefndu að endurgreiðsla á flugleggjum berist seint eða jafnvel ekki, þrátt fyrir að réttur sé á endurgreiðslu á fluglegg.
- Kynna mætti úrræðið betur.




NIÐURSTÖÐUR

Hér má sjá hlutfall flugfarþega sem nýttu Loftbrú árið 2021 skipt eftir landshlutum. Vesturland var ekki tekið með í gagnaúrvinnslu þar sem of fá gögn voru úr þeim landshluta bæði í gögnum Vegagerðarinnar sem og í könnun. Eru þetta annars vegar gögn um notkun á Loftbrú frá Vegagerðinni (vinstra megin) og svo gögn úr rafrænu könnuninni (hægra megin).

Hlutfall flugfarþega sem nýttu Loftbrú árið 2021 eftir landshlutum




Nýttir þú Loftbrú árið 2021?
N: 1425




Um 71% allra svarenda (1128) sögðu að tilgangur ferða með Loftbrú væri að heimsækja ættingja og vini. Um 56% merktu við að tilgangurinn væri vegna heilbrigðisþjónustu. Um 37% sögðu tilganginn vera menningarferðir og um 27% að þeir nýti ferðina með Loftbrú til að fara í flug erlendis. Hægt var að merkja við fleiri en einn flokk. Hér á myndinni fyrir neðan má sjá tilgang ferða skipt eftir landshlutum.

Tilgangur ferða með Loftbrú er?

N: 1128



Af þeim sem sögðust nýta ferðirnar vegna heilbrigðisþjónustu voru fleiri konur en karlar sem merktu við að þjónustan væri ekki í boði í þeirra heimabyggð eða um 81% kvenna.




	Karlar		Konur		Samtals	
	n	%(nKK:197)	n	%(nKVK:485)	n	%(nSamtals:682)
Ferð sem var endurgreidd af SÍ	52	26%	135	28%	187	27%
Ferð sem var ekki endurgreidd af SÍ	106	54%	279	58%	385	56%
Þjónusta var ekki í boði í heimabyggð	138	70%	393	81%	531	78%
Þjónusta í boði í heimabyggð en þurfti samt Loftbrú	34	17%	62	13%	96	14%



Hér fyrir neðan má sjá gögn frá Sjúkratryggingum Íslands. Um 83.7 milljónir króna hefur SÍ endurgreitt vegna flugkostnaðar árið 2021 til einstaklinga með lögheimili á Austurlandi. Næst á eftir voru einstaklingar með lögheimili á Norðurlandi eystra, en um 69.6 milljónir króna voru endurgreiddar af SÍ. Ekki er skilgreint hvort einstaklingar kaupi sér flugmiða með Loftbrú eða ekki. Sjúkratryggingar Íslands endurgreiða tvær ferðir á 12 mánaða tímabili og gildir það fyrir nauðsynlega heilbrigðisþjónustu sem ekki er í boði í heimabyggð og sem greiðsluþátttaka er í af hálfu SÍ.


	Heildarkostnaður	Fjöldi reikninga
Austurland	83.699.539	3250
Norðurland eystra	69.568.511	3050
Vestfirðir	19.154.438	1071
Suðurland	15.360.539	729
Norðurland vestra	16.257	1
Samtals	187.799.284	8101




Svarendum þótti hæfilegur afsláttur vera um 50% af heildar flugfargjaldi. Spurningin var skali frá núll upp í hundrað og voru alls 1250 svarendur við spurningunni.

Það sem var einnig áhugavert varðandi gögn Vegagerðarinnar á Loftbrú var að sjá hversu margir eru að nýta sér Loftbrú hvar sem er á landinu. Ef Egilsstaðaflugvöllur er tekinn sem dæmi þá voru einstaklingar, utan Austurlands, sem flugu í gegnum völinn árið 2021 með lögheimili til dæmis á Norðurlandi eystra og vestra, Suðurlandi og Vestfjörðum. Af þeim sem flugu til Egilsstaða voru 33% konur og 23% karla með lögheimili á Norðurlandi eystra. Hér tókum við einnig sem dæmi flugvölinn á Höfn. En flestir sem fljúga í gegnum Hafnarflugvöll eru með lögheimili á Austurlandi, fyrir utan Suðurland, eða alls 90% farþega sem fljúga til Hafnar. Má þar áætla að margir af þeim séu frá Djúpavogi en Djúpivogur tilheyrir Austurlandi.

Lögheimili einstaklinga utan Austurlands sem fljúga í gegnum Egilsstaðaflugvöll



Lögheimili einstaklinga utan Suðurlands sem fljúga í gegnum Hafnarflugvöll





67% svarenda sem eru með lögheimili á Suðurlandi segjast hafa rétt á niðurgreiddum flugfargjöldum í gegnum stéttarfélög eða aðra aðila. Næst á eftir er Norðurland eystra en þar eru 22% sem segjast hafa rétt á niðurgreiðslu. Lítill hluti á Austurlandi, Norðurlandi vestra og á Vestfjörðum segjast eiga rétt á niðurgreiðslu í gegnum stéttarfélag eða annan aðila. Hér eru tækifæri fyrir stéttarfélög að semja við flugfélögin ef slíkt úrræði er ekki fyrir hendi, eða jafnvel að auglýsa betur ef slíkt úrræði er til staðar.

Hefur þú rétt til niðurgreiddra flugfargjalda í gegnum stéttarfélög eða annan aðila?

N: 1174

■ Já ■ Nei




Áhugavert var að sjá hversu hátt hlutfall svarenda vissi ekki hvort að opinberar samgöngur væru í boði út á flugvöll í þeirra heimabyggð en alls voru 21% á Austurlandi sem ekki vissu hvort að opinberar samgöngur væru í boði og 15% á Vestfjörðum. Meirihluti á Norðurlandi bæði eystra og vestra segja að þær séu ekki í boði; um 84% frá Norðurlandi vestra segja nei og um 56% á Norðurlandi eystra. Um 63% á Suðurlandi telja þær ekki vera í boði. Helmingur svarenda frá Austurlandi (46%) og frá Vestfjörðum (57%) segja að opinberar samgöngur séu í boði. Hér er tækifæri fyrir sveitarfélögin að auglýsa betur samgöngur í sínu sveitarfélagi. Sérstaklega ef þær eru í boði í þeim landshlutum sem svarendur telja þær ekki vera í boði eða vita ekki af þeim.

Eru opinberar samgöngur í boði á flugvöll í þinni heimabyggð/nærsveit?

N: 1177

■ Já ■ Nei ■ Ekki viss



Viðhorf til Loftbrúar voru skoðuð með opinni spurningu í könnuninni. Voru alls 660 athugasemdir sem bárust og voru flestar athugasemdirnar um ánægju á úrræðinu. Allar athugasemdirnar voru kóðaðar í flokka og hér í töflunni að neðan má sjá flokkana og fjölda athugasemda sem bárust í þeim flokki.

Svarendur lýstu því hversu vel úrræðið væri að nýtask þeim og það þyrfti að halda áfram að þróa til að styrkja og festa í sessi. Svarendur töldu að það mætti fjölga flugleggjum og þá var skólafólk og íþróttafólk oft nefnt. Mikið er um að íþróttafólk þurfi að ferðast til að keppa í sínum íþróttum og væri gott að hafa fleiri leggi til afnota fyrir slíkar ferðir, hér er mögulega kominn samstarfsvettvangur við íþróttafélögin. Margir námsmenn sem leggja til höfuðborgarinnar í nám myndu vilja fleiri en 6 leggi til að stunda sitt nám; bæði einstaklingar sem eru í staðnámi og vilja kíkja í heimsókn til fjölskyldu sinnar eða fólk sem býr á landsbyggðinni og fer oft í staðlotur.

Ánægja	211
Fjölga flugleggjum	92
Ferli	82
Kostnaður	58
Börn	39
Framselja miða	36
Afsláttur	26
Flugleggur ónýttur	24
Jaðarsvæði	19
Flugsæti	13
Höfuðborgarsvæðið	11
Auglýsa betur Loftbrú	10
Eftirlit	6
Flugáætlun	6
Ýmislegt	27

Svarendur nefndu einnig varðandi ferlið að kaupa flugmiða. Til dæmis að erfitt væri að kaupa tengiflug og að það þyrfti að einfalda það ferli. Einnig þegar farþegar þurfa að afbóka sig í flug að þá væri erfitt og langdregið ferli að fá Loftbrúarlegginn aftur til baka.

Þeir sem skrifuðu um kostnaðinn voru að mestu leyti að tala um kostnað á flugfargjöldum, að þau væru orðin há og hefðu hækkað frá því að Loftbrú kom. Eins nefndu einhverjir að afslátturinn mætti vera hærri.

Varðandi börn sem nýta sér Loftbrú var í flestum tilvikum um að ræða börn sem eru með tvö lögheimili, annað á höfuðborgarsvæðinu. Er búið að leysa úr því vandamáli og nú á að vera hægt að bóka börn sem eru í slíkum aðstæðum. En könnunin fór í loftið áður en það var komið á. Annað sem var nefnt varðandi börnin var að ekki væri hægt að nýta Loftbrú fyrir börn sem eru fylgdarlaus og erfitt væri að bóka börn í gegnum bókunarsíður flugfélaganna. Annað sem var nefnt varðandi börnin var að ekki væri hægt að nýta Loftbrú fyrir börn sem eru fylgdarlaus.

Í athugasemdum var einnig nefnt framsal á leggjum. Svarendur myndu vilja fá þann valmöguleika, að hægt væri að framselja flugleggina sína til meðlima innan fjölskyldunnar. Þetta myndi henta vel fyrir fjölskyldur þar sem sumir fjölskyldumeðlimir ferðast meira en aðrir og því væri hægt að nýta leggina mun betur, sérstaklega þar sem þeir fynast út eftir árið.

Einhverjir nefna að það ætti að vera Loftbrúarleggir fyrir einstaklinga með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu. Aðrir nefna að flugsæti sem eru ætluð fyrir þá sem kaupa flugfargjöld með Loftbrú séu of fá. Svarendur nefna líka að það þurfi að auglýsa betur Loftbrú. Aðrir gera athugasemdir varðandi bílaleigubíla, ef einstaklingar nýta sér flugsamgöngur þá sé dýrt að bóka sér bíl á höfuðborgarsvæðinu.

